

Kennsluáætlun

Bekkur: 7. - 10. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Anna Margrét Birgisdóttir

Tímafjöldi: 5 klst. á viku.

Námsgögn: Fallorð, Laxdæla saga, Stafsetning, Útbrot, Heimir og efni frá kennara.

Lykilhæfni: Námsgreinin kemur inn á eftirfarandi þætti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

Tjáning og miðlun.
Skapandi og gagnrýnin hugsun.
Sjálfstæði og samvinnu.
Nýting miðla og upplýsinga.
Ábyrgð og mat á eigin námi.

Grunnþættir: Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi – Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun. Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> - Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas. - Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt. - Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi. 	Nemendur kynna verkefni munnlega, nýta sér hlustun, sjónrænt efni og rafrænt efni í verkefna- og ritgerðavinnu.	Námsmat felst í símati þar sem hvert verkefni er metið sérstaklega. Fulltrúi skólans tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk að vori.
Lestur og bókmenntir	Nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> - Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað. - Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi. - Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. - Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa. - Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess. - Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, 	Bókmenntir lesnar, bæði Íslendinga sögur og skáldsögur. Efnið rætt og túlkað og verkefni unnin. Unnið með lesskilning. Yndislestur á morgnana þar sem nemendur velja sér lesefni eftir áhuga.	Námsmat felst í símati þar sem verkefni eru unnin reglulega og kannanir lagðar fyrir. Lesferill lagður fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu og Orðarún tvisvar sinnum, haust og vor. LOGOS er lagt fyrir 9. bekk að hausti. Samræmt próf í 7. og 9. bekk að vori.

	sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrögð.		
Ritun	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær. - Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. - Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun. - Beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda. - Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um. - Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og 	<p>Ýmis konar ritunarverkefni unnin, s.s. heimildaritgerð, bókmenntaritgerð, gagnrýni, frjáls ritun o.fl. Farið í helstu stafsetningarreglur og verkefni unnin.</p>	<p>Námsmat felst í símati. Ritgerða-/verkefnavinna þar sem hver vinnur á sínum hraða. Mat er lagt á vinnubrögð og ástundun. Nemendur skrifa eina stafsetningaræfingu heima á viku. Eitt próf í mánuði.</p>

	<p>hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.</p>		
Málfræði	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. - Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. - Áttað sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna. 	Unnið er með fallorð.	Námsmat felst í símati þar sem reglulegar kannanir eru lagðar fyrir.